 1931

# Úrslitatímar.

Það hefir verið mjer ánægjuefni, að sjá koma fram í þjóðfjelagi voru, mann, sem er eins vel að sjer í dýrafræði og mag. Árni Friðriksson. Íslensku mentalífi er mikill ávinningur að slíkum manni. Eru mikils verð, útvarpserindi þau um „aldahvörf í dýraríkinu“, sem hann er að flytja. Er það sagan af framsókn lífsins og einkum dýralífsins, hjer á jörðinni. Hefir sú framsókn verið erfið, og jafnvel augljóst, að hjer hefir aðeins með naumindum getað þróast líf, og hið allra tæpasta að orðið gæti vitlíf. Og á allri framsókninni hefir verið sá aðalgalli, að framförinni hefir jafnan fylgt nokkur afturför. Eða með öðrum orðum: lífið hefir ekki getað komist til fulls á framfarabraut. En nú eru merkilegri tímar, en verið hafa áður í sögu jarðarinnar. Nú eru úrslitatímar. Má nú greinilega sjá fram á hrun hins hvíta mannkyns, og síðan alls mannkyns, ef ekki gæti orðið gagngerð breyting. En að vísu er sú breyting þegar farin að gera lítillega vart við sig. Árroði hinnar nýju aldar, hinnar sönnu framfaraaldar, er þegar farinn að færast upp á loftið. En vandræði þau, sem nú standa yfir, nú þegar einmitt gæti verið betra að lifa en nokkuru sinni áður, stafa af því, að árroða þessum hefir ekki verið gaumur gefinn. Úrslitasannindi þau, sem þegar hafa komið fram, eru einskis metin: Sannindin um tilgang lífsins, um hið fullkomlega náttúrlega framhald lífs vors í þessum — en ekki öðrum — heimi, og fram-

Íslendingar mundu verða fyrsta þjóðin, sem algerlega liði undir lok ef sannindum þessum, sem vikið var á, yrði ekki sigurs auðið. En Íslendingar geta sjálfir átt upptök þess sigurs. Vor þjóð getur fyrst allra orðið til þess að reisa stöð til sambands við lífið á stjörnunum, lífið sem hefir verið misskilið sem goða- og andalíf. Geri menn hjer í Reykjavík, samtök um, að hin fyrirhugaða kirkja, skuli verða slík sambandsstöð. Mundu oss þá alls staðar bera höpp að höndum í stað óhappa, þegar það verk væri vel á veg komið. Fyrsta sambandsstöðin af þeirri tegund, táknar stærri tímamót í sögu lífsins hjer á jörðinni, en verið hafa áður.

29. okt.

Helgi Pjeturss.